

Mánudaginn 19. maí 1941.

Nr. 73/1940. **Ásgeir Pétursson & Co**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Jörundi Jörundssyni (Garðar Þorsteinsson).

Ómerking og heimvisun.

Dómur hæstaréttar.

Dómi hafa stýrt í máli þessu í héraði ýmist Sigurður Eggerz bæjarfógeti eða Guðmundur Eggerz settur bæjarfógeti, og hinn siðarnefndi hefur upp kveðið héraðsdóminn.

Er mál þetta var þingfest, var lögð fram greinargerð af hálfu sækjanda, og 19. jan. 1939 kom greinargerð fram af hálfu stefnda. Átti héraðsdómari þá samkvæmt 109. gr. laga nr. 85/1936 að kveða á um munnlegan eða skriflegan málflutning og veita aðiljum sameiginlegan frest til öflunar sakargagna. Í stað þess fá umboðsmenn aðilja, lögfræðingarnir Jón Sveinsson og Björn Halldórsson, eða umboðsmenn þeirra, fresti á vixl og skiptast á alls 13 skriflegum sóknum og vörnum til 13. júní 1940, er munnlegur flutningur málsins var ákveðinn, eftir skriflegar sóknir og varnir allan þenna tíma. Auk þessara dómglapa eru þeir gallar á, að héraðsdómari hefur ekki dæmt um þá varnarástæðu, er stefndi byggði á aðildarskortu sækjanda, að rökstuðning dómsniðurstöðu er harla lausleg, og loks, að dómur er ekki kveðinn upp fyrr en 16 júlí 1940, enda þótt munnlegur málflutningur færi fram og dómtaka 19. júní s. á. Virðist munnlegur málflutningur ekki geta haft tilætlaða þýðingu, er svo langur tími liður milli hans og dómsuppsögu, enda er slík meðferð verulegt brot á fyrir-mælum 1. málsgreinar 191. gr. laga nr. 85/1936.

Af framantöldum ástæðum þykir verða að ómerkja meðferð máls þessa í héraði frá þinghaldi 19. jan. 1939 og héraðsdóminn, og vísa máli heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð máls þessa í héraði frá þinghaldi 19. jan. 1939 og héraðsdómur skulu ómerk vera, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dóms-
álagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 16. júlí 1940.

Mál þetta hefur höfðað Ásgeir Pétursson framkvæmdarstj. f. h. Ásgeirs Péturssonar & Co Akureyri með stefnu dags. 30. nóv. 1938 fyrir sjó- og verzlunarrétti Akureyrar gegn Jörundi Jörundssyni, útgerðarmanni í Hrisey, til þess að fá hann dæmdan til að greiða skuld, að upphæð kr. 1936.29, auk 5% ársvaxta frá 1. janúar 1938 til greiðsludags, og til greiðslu málskostnaðar, en samkvæmt framlögðum reikningi er hann gerður kr. 298.00.

Stefndi hefur mótmælt kröfum og krefst algerðrar sýknunar og í málskostnað krefst hann, að sér verði greiddar kr. 250.00, auk útlagðs kostnaðar, kr. 20.00, eða kr. 270.00

Málavextir virðast þessir:

Haustið 1936 útskipaði Ásgeir Pétursson & Co farmi af sild í e/s „Heklu“. Segir stefnandi, að félagið og ýmsir aðrir, þar á meðal stefndi, hafi átt farminn. Heldur hann því fram, að stefndur hafi falið sér munnlega að sjá um sölu á sild hans. Farmur þessi var síðan sendur til Svíþjóðar, og þar tók við honum, eftir því sem stefnandinn skýrir frá, C. James Anderson, Smögen. Símaði hann, að sögn stefnanda, fyrir fram út á sildina kr. 13.50 pr. tunnu. Stefnandinn segir, að Pontus Nilsson hafi séð um sölu á sildinni, en C. James Andersen hafi tekið á móti öllum greiðslum fyrir hana og greitt hins vegar allan kostnað við hana. Þegar sildin var gerð upp, kom í ljós, að minna verð fékkst fyrir sildina en lánað var út á hana, og sérstaklega átti þetta sér stað um sild stefnda, því stefnandinn segir, að hún hafi verið súr. Stefnandinn segist nú hafa orðið að greiða mismuninn á því raunverulega verði sildarinnar og þess, sem lánað var út á hana. Nam sá mismunur með kostnaði, sbr. rskj. 2, hinni umstefndu upphæð, eða kr. 1936.29.

Stefndi byggir neitun sína á kröfunni á því, að hér hafi ekki verið um lán að ræða út á sildina, heldur hafi greindar kr. 13.50 pr. tunnu verið fyrirframgreiðsla, sem óafturkræf hafi verið. Enn segir hann, að rskj. nr. 3 sé ekki kvittað, og stefnandinn eigi því

ekki kröfu þá, sem hann stefni fyrir, heldur, ef einhver ætti hana, þá ættu útlendingarnir hana, en nú stefnir Ásgeir Pétursson & Co ekki í þeirra nafni. Stefndi neitar því og ákveðið, að sildin hafi verið súrskemmd, segir hann, að sér hafi áður um sumarið verið boðið 21 kr. í sildina, tunnuna, en þessu er mótmælt.

Vottorð liggja fyrir frá 3 erlendum mönnum um, að sildin hafi verið skemmd, er hún kom til Svíþjóðar. Vottorðum þessum hefur verið mótmælt. Þá eru og vottorð frá 3 islenzkum mönnum um, að sildin hafi verið góð, er hún fór héðan, en þessu er einnig mótmælt. Þá þykir rétt að taka það fram, að stefnandinn segir, að nauðsynlegt hafi verið, að greiddar væru kr. 13.50 út á sildina, þar sem ekki mætti samkv. islenzkum lögum láta sildina fyrir minna verð en þetta. Stefndur heldur því fram, að umræddar kr. 13.50 séu aðeins fyrir kostnaði, og þó hann fengi þetta verð, þá hafi hann ekkert fengið fyrir sildina sjálfur.

Stefnandinn virðist hafa sönnunarskylduna fyrir því, að kr. 13.50 pr. tunnu hafi verið lán, en ekki endanleg fyrirframgreiðsla. Sömuleiðis ber honum að sanna, að sildin hafi verið skemmd, en þar sem sannanir liggja ekki fyrir um þessi atriði, þykir mega sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber og að dæma stefnanda til að greiða stefndum í málskostnað kr. 270.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Jörundur Jörundsson Hrisey, á að vera sýkn af kröfum stefnandans í málinu Ásgeir Pétursson f. h. h/f Ásgeir Pétursson & Co, Akureyr.

Í málskostnað greiði stefnandinn stefnda kr 270.00. Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. maí 1941.

Nr. 85/1940. **Þorsteinn Sigvaldason** (Eggert Claesen)
gegn

Huldu Ásbjarnardóttur (Sveinbjörn Jónsson).

Barnsfaðernismál. Ómerking og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Sigurður bæjarfógeti Eggerz.